

Breytingatillögur Sósíalístaflokks Íslands vegna breytinga á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar vegna funda borgarstjórnar

Meðfylgjandi eru tillögur Sósíalístaflokks Íslands að breytingum á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar sem eru lagðar fram í kjölfar fyrri umræðu sem átti sér stað á fundi borgarstjórnar þann 6. júní 2023. Breytingar sem eru lagðar fram eru rauðmerktar. Óskað er eftir að kosið verði um hverja tillögu fyrir sig.

Lagt er til að 8. gr. samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar verði svohljóðandi:

Borgarstjórn heldur reglulega fundi í Ráðhúsi Reykjavíkur samkvæmt fundadagatali sem borgarstjórn samþykkir á síðasta fundi sínum fyrir sumarleyfi. Borgarstjórn skal að jafnaði funda tvisvar í mánuði, á þriðjudögum sem ekki ber upp á helgidag eða almennan frídag, og skulu fundir hefjast **kl. 10:00**. Borgarstjóri, forseti borgarstjórnar eða borgarstjórn geta ákveðið annan fundarstað og fundartíma.

Lagt er til að 22. gr. samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar verði svohljóðandi:

Borgarfulltrúar mega tala tvisvar við hverja umræðu máls, að frummælenda undanskildum sem má tala þrisvar. **Fullnýti borgarfulltrúi annar en frummælendi ekki rétt til andmæla undir málinu er honum heimilt að koma upp í ræðu í þriðja sinn.** Borgarfulltrúa er þó heimilt að taka oftari til máls til að gera stutta athugasemd eða bera af sér ámæli. Forseti getur heimilað borgarfulltrúa að gera stutta athugasemd oftari en einu sinni undir hverjum dagskrárlið sé um að ræða athugasemd um fundarsköp, fundarstjórn forseta eða ef borgarfulltrúi hyggst bera af sér ámæli. Borgarstjóri hefur óbundið málfrelsi og getur því tekið til máls oftari en tvisvar.

Lagt er til að 24. gr. samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar verði svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 23. gr. getur forseti leyft borgarfulltrúum að veita stutt andsvar við einstökum ræðum strax og þær hafa verið fluttar. Skal þá sá er vill svara bera fram ósk um það við forseta. Andsvari má einungis beina að máli ræðumanns en ekki annarri ræðu eða öðru andsvari. Hvert andsvar má ekki taka lengri tíma en **eina og hálfu mínútu** og skal ræðumanni heimilt að svara því á **einni og hálfri mínútu**. Svári ræðumaður andsvari er þeim sem andsvar veitti heimilt að veita andsvar öðru sinni og er ræðumanni jafnframt heimilt að svara því andsvari. Veiti fleiri en einn borgarfulltrúi andsvar við sömu ræðu skal ræðumanni að jafnaði veitt færi á að svara hverju andsvari fyrir sig. Orðaskipti í andsvörum mega að jafnaði ekki standa lengur en **16 mínútur** í einu. Heimilt er forseta að takmarka ræðutíma í andsvörum enn frekar en skv. 2. mgr., sé fyrir séð að orðaskipti muni að öðrum kosti standa lengur. Að jafnaði er borgarfulltrúa heimilt að veita andsvar við tveimur ræðum undir hverjum dagskrárlið.

Við innleiðingu þessara breytinga er lagt til að brýna fyrir borgarfulltrúum nauðsyn þess að mæta tímanlega svo fundir borgarstjórnar geti hafist á réttum tíma. Einnig verði gerð krafa um viðveru í salnum, þar sem óheimilt verði að dvelja löngum stundum fyrir utan sal borgarstjórnar á meðan umræður um mál fara fram. Mikilvægt er að borgarfulltrúar fylgist vel með umræðum í borgarstjórn svo málefnið fái faglega meðferð.

Greinargerð

Borgarstjórn er málstofa borgarfulltrúa og mikilvægt að tryggja að tími gefist til að ræða málin til dýptar. Því er lagt til að fundir borgarstjórnar hefjist klukkan 10:00 í stað 12:00. Tryggt verði að starfsfólkið sem sér um undirbúning funda hafi það sem þörf er á, svo að hægt sé að hefja fundi borgarstjórnar kl. 10:00 á þriðjudögum. Einnig er mikilvægt að brýna fyrir borgarfulltrúum mikilvægi þess að mæta á réttum tíma svo að fundir geti hafist á þeim tíma sem þeir eru boðaðir.

Borgarfulltrúar Sósíalístaflókkans leggja til að ræðutími í fyrstu ræðu við umræðu máls verði áfram tíu mínútur en ræðutími hefur verið stytur í gegnum tíðina. Borgarfulltrúar Sósíalísta leggja einnig til að andsvarstími verði stytur úr tveimur mínútum í eina og hálfu mínútu og að ef heimild til andsvara er fullnýtt undir dagskrárlið, falli niður heimild borgarfulltrúa annarra en frummælenda til að taka til máls í þriðja skiptið við umræðu máls, enda hafi borgarfulltrúinn tjáð sig undir málinu í formi andsvara.